

Til forsvarsmanna fiskvinnslufyrirtækja

### Slysaætta við Oddgeirs-hausara

Vinnueftirlitið hefur vitneskju um að svokallaðir Oddgeirs-hausarar séu á markaði og í notkun á Íslandi. Oddgeirs-hausarar eru m.a. hættulegir vegna þess að starfsfólk getur komist inn á hættusvæði vélanna án þess að þær stöðvist. Neyðarstöðvunarbúnaður við hníf er ekki fullnægjandi frá framleiðanda.

Oddgeirs-hausarar uppfylla ekki grunnkröfur reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað (vélatilskipunar) um heilsuvernd og öryggi, m.a. eru þeir ekki CE-merktir. Að auki uppfylla Oddgeirs-hausarar ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til öryggis tækja, sbr. reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja.

Þegar eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins koma að Oddgeirs-hausurum eða öðrum vélum sem ekki uppfylla lágmarkskröfur um öryggi **banna þeir notkun þeirra**, sbr. 85. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlitið hefur þegar bannað notkun nokkurra Oddgeirs-hausara. Notkun vélanna er heimiluð á ný ef vélunum er breytt þannig að þær uppfylli öryggiskröfur.

Vinnueftirlitið vill beina því til atvinnurekenda sem nota Oddgeirs-hausara að grípa til ráðstafana til að tryggja öryggi starfsfólks eða hætta notkun vélanna.

Sjá myndir af Oddgeirshausurum á næstu síðu.

Reykjavík 30. september 2015  
Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins

Ágúst Ágústsson  
Tæknideild  
agust@ver.is



Leifur Gústafsson  
Þróunar- og eftirlitsdeild  
leifur@ver.is



Hægt er að komast inn á hættusvæði vélanna. Opið er inn að keðjuhlekkjum og að hnífi vélanna.



Neyðarstöðvunarbúnaður við hníf er ekki fullnægjandi.